

| Aukaaðalfundur SOS Barnaþorpanna | | | |
|----------------------------------|--|---------------|------------------------|
| Fundardagur og tími: | 07.2.2024, 17:00-17:22 | Fundarstaður: | Hamraborg 1, Kópavogur |
| Þátttakendur: | Kristján Þórarinn Davíðsson, Ólafur Örn Ingólfsson, Hildur Hörn Daðadóttir, Valdís Þóra Gunnarsdóttir og Sara Lind Gunnarsdóttir Starfsmenn SOS: Ragnar Schram og Rakel Lind Hauksdóttir. | | |

Dagskrá aðalfundar var eftirfarandi:

1. Tillaga að breyttum samþykktum
2. Kosning varamanns
3. Staðfesting á niðurstöðum stjórnarkjörs frá síðasta aðalfundi.

Kristján byrjaði á að kanna hvort fundurinn hafi verið boðaður með lögmætum hætti, var það staðfest.

Fundur settur og breyting á dagskrá fundarins

Kristján Þ. Davíðsson formaður stjórnar SOS setti fund kl. 17:00. Formaður lagði til breytingu á dagskrá fundarins sem var að bæta við nýjum lið fremst í dagskrána sem var kosning fundarstjóra og fundarritara. Þá lagði hann til að færa lið númer tvö sem ber heitið Kosning varamanns fyrir aftan lið númer þrjú. Að lokum lagði hann til að bæta liðnum önnur mál í lok dagskrárinnar. Engin andmæli bárust og var það því samþykkt. Uppfærð dagskrá er eftirfarandi:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Tillaga að breyttum samþykktum
3. Staðfesting á niðurstöðum stjórnarkjörs frá síðasta aðalfundi
4. Kosning varamanns
5. Önnur mál.

1) Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður stjórnar lagði til að hann sjálfur tæki að sér fundarstjórn og Rakel Lind Hauksdóttir fjármálastjóri SOS Barnaþorpanna sinnti starfi ritara og var það samþykkt einróma.

2) Tillaga að breyttum samþykktum

Þessum dagskrárlíð var skipt í tvennt, a- og b-lið.

- a) Í fyrsta lagi var óskað eftir því að fundurinn staðfesti breytingar á samþykktum félagsins sem samþykktar voru á aðalfundi í maí 2023. Fundarstjóri fór yfir þær breytingar sem voru eftirfarandi:

Breytingartillaga á grein 6.4 sem samþykkt var á aðalfundi í maí 2023: Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar lagðir fram til samþykktar
3. Lausn stjórnar og annarra ábyrgða
4. Kosning stjórnar
5. Kosning endurskoðanda
6. Ákvörðun um breytingar á samþykktum
7. Ákvörðun félagsgjalds
8. Önnur mál

Lagagrein eins og hún var fyrir breytingar: Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar lagðir fram til samþykktar
3. Lausn stjórnar og annarra ábyrgða
4. Kosning stjórnar og varamanna
5. Kosning endurskoðanda
6. Ákvörðun um breytingar á samþykktum
7. Ákvörðun félagsgjalds
8. Önnur mál

Breytingartillaga á grein 7.1 sem samþykkt var á aðalfundi í maí 2023: Æðsta vald í málefnum samtakanna er í höndum stjórnar. Stjórn samtakanna er skipuð fimm mönnum; stjórnarformanni, varaformanni og þremur meðstjórnendum. Skal hvort kyn eiga minnst tvo fulltrúa í stjórn.

Stjórn samtakanna ber ábyrgð á að skipuleggja starfsemi samtakanna. Fjármagn samtakanna skal nýtt í samræmi við reglur og tilgang samtakanna samkvæmt 2. gr.

Hvert ár skal nýr stjórnarmaður kosinn á aðalfundi. Aðeins félagar samtakanna geta verið stjórnarmenn.

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri sitja fundi stjórnar og eru án atkvæðisréttar.

Lagagrein eins og hún var fyrir breytingar: Æðsta vald í málefnum samtakanna er í höndum stjórnar. Stjórn samtakanna er skipuð þremur mönnum; stjórnarformanni, varaformanni og stjórnarmanni og skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn.

Stjórn samtakanna ber ábyrgð á að skipuleggja starfsemi samtakanna. Fjármagn samtakanna skal nýtt í samræmi við reglur og tilgang samtakanna samkvæmt 2. gr.

Hvert ár skal nýr stjórnarmaður kosinn á aðalfundi. Aðeins félagar samtakanna geta verið stjórnarmenn.

Varamenn, framkvæmdastjóri og fjármálastjóri sitja fundi stjórnar og eru án atkvæðisréttar.

Breytingartillaga á grein 7.2 sem samþykkt var á aðalfundi í maí 2023: Stjórnarmenn eru kosnir til þriggja ára í senn. Árlega eru ýmist kosnir einn eða tveir stjórnarmenn, nema stjórnarmaður láti af störfum, er þá einnig kosið um sæti fráfarandi stjórnarmanns það sem eftir er af kjörtímabili hans. Stjórnarseta er takmörkuð við þrjú kjörtímabil. Ef ekki eru nýir frambjóðendur, getur fráfarandi stjórnarmaður setið fjórða kjörtímabilið.

Lagagrein eins og hún var fyrir breytingar: Stjórnarmenn eru kosnir til þriggja ára í senn. Árlega er kosinn einn stjórnarmaður, nema stjórnarmaður láti af störfum, er þá einnig kosið um sæti fráfarandi stjórnarmanns það sem eftir er af kjörtímabili hans. Stjórnarseta er takmörkuð við þrjú kjörtímabil. Ef ekki eru nýir frambjóðendur, getur fráfarandi stjórnarmaður setið fjórða kjörtímabilið.

Breytingartillaga á grein 7.3 sem samþykkt var á aðalfundi í maí 2023: Lagt var til að fella þessa grein út sem þýðir að þær greinar sem á eftir koma undir grein sjö sem fjallar um stjórn lækka um eitt númer.

Lagagrein eins og hún var fyrir breytingar: Ár hvert skal á aðalfundi kjósa einn varamann og skal hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40% samanlagt fyrir stjórnarmenn og varamenn. Varamenn eru tveir og eru kosnir til tveggja ára í senn.

Breytingartillaga á grein 7.5 (grein 7.4 sé samþykkt að fella út grein 7.3) sem samþykkt var á aðalfundi í maí 2023: Stjórn samtakanna skal funda eins oft og þörf krefur en að lágmarki fjórum sinnum á ári. Stjórnarformaður skal boða skriflega til fundarins. Í fjarveru formanns skal varaformaður boða til fundar, með að minnsta kosti viku fyrirvara. Tveir eða fleiri stjórnarmenn geta óskað eftir að stjórnarformaður boði til aukafundar. Með beiðninni skal fylgja fundarefni.

Lagagrein eins og hún var fyrir breytingar: Stjórn samtakanna skal funda eins oft og þörf krefur en að lágmarki fjórum sinnum á ári. Stjórnarformaður skal boða skriflega til fundarins. Í fjarveru formanns skal varaformaður boða til fundar, með að minnsta kosti viku fyrirvara. Þriðjungur stjórnarmanna getur óskað eftir að stjórnarformaður boði til aukafundar. Með beiðninni skal að fylgja fundarefni.

Fundarstjóri bar upp til samþykktar tillögur að lagabreytingum frá aðalfundi í maí 2023 í heild sinni og voru þær samþykktar einróma.

- b) Í öðru lagi fólst þessi liður í því að leggja til breytingar á samþykktum félagsins, sem samþykktar voru á aðalfundi í maí 2023 og staðfestar voru fyrr á þessum fundi. Verið er að leggja þessar breytingar til til þess að uppfylla ákvæði laga nr. 119/2019 um að stjórn félaga til almannaheilla sem starfa yfir landamæri skuli hafa minnst einn varamann. Til þess að SOS Barnaþorpin fái umsókn sína um aðild að Almannaheillarskrá Skattsins endurnýjaða þarf að gera eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins en að félagið sé skráð í Almannaheillaskrá Skattsins er mikið hagsmunamál styrktaraðila félagsins:

Breytingartillaga á grein 6.4: Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar lagðir fram til samþykktar
3. Lausn stjórnar og annarra ábyrgða
4. Kosning stjórnar og varamanns
5. Kosning endurskoðanda
6. Ákvörðun um breytingar á samþykktum
7. Ákvörðun félagsgjalds
8. Önnur mál

Lagagrein eins og hún var fyrir breytingartillögu: Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar lagðir fram til samþykktar
3. Lausn stjórnar og annarra ábyrgða
4. Kosning stjórnar
5. Kosning endurskoðanda
6. Ákvörðun um breytingar á samþykktum
7. Ákvörðun félagsgjalds
8. Önnur mál

Breytingartillaga á grein 7.1: Æðsta vald í málefnum samtakanna er í höndum stjórnar. Stjórn samtakanna er skipuð fimm mönnum; stjórnarformanni, varaformanni og þremur meðstjórnendum. Skal hvort kyn eiga minnst tvo fulltrúa í stjórn.

Stjórn skal hafa einn varamann. Komi til þess að varamaður taki sæti í stjórn má víkja frá kröfum um kynjahlutföll til næsta aðalfundar.

Stjórn samtakanna ber ábyrgð á að skipuleggja starfsemi samtakanna. Fjármagn samtakanna skal nýtt í samræmi við reglur og tilgang samtakanna samkvæmt 2. gr.

Hvert ár skal nýr stjórnarmaður kosinn á aðalfundi. Aðeins félagar samtakanna geta verið stjórnarmenn.

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri sitja fundi stjórnar og eru án atkvæðisréttar.

Lagagrein eins og hún var fyrir breytingartillögu: Æðsta vald í málefnum samtakanna er í höndum stjórnar. Stjórn samtakanna er skipuð fimm mönnum; stjórnarformanni, varaformanni og þremur meðstjórnendum. Skal hvort kyn eiga minnst tvo fulltrúa í stjórn.

Stjórn samtakanna ber ábyrgð á að skipuleggja starfsemi samtakanna. Fjármagn samtakanna skal nýtt í samræmi við reglur og tilgang samtakanna samkvæmt 2. gr.

Hvert ár skal nýr stjórnarmaður kosinn á aðalfundi. Aðeins félagar samtakanna geta verið stjórnarmenn.

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri sitja fundi stjórnar og eru án atkvæðisréttar.

Breytingartillaga á grein 7.2: Stjórnarmenn eru kosnir til þriggja ára í senn. Árlega eru ýmist kosnir einn eða tveir stjórnarmenn, nema stjórnarmaður láti af störfum, er þá einnig kosið um sæti fráfarandi stjórnarmanns það sem eftir er af kjörtímabili hans. Stjórnarseta er takmörkuð við þrjú kjörtímabil. Ef ekki eru nýir frambjóðendur, getur fráfarandi stjórnarmaður setið fjórða kjörtímabilið. Varamaður er kosinn til eins árs í senn.

Lagagrein eins og hún var fyrir breytingartillögu: Stjórnarmenn eru kosnir til þriggja ára í senn. Árlega eru ýmist kosnir einn eða tveir stjórnarmenn, nema stjórnarmaður láti af störfum, er þá einnig kosið um sæti fráfarandi stjórnarmanns það sem eftir er af kjörtímabili hans. Stjórnarseta er takmörkuð við þrjú kjörtímabil. Ef ekki eru nýir frambjóðendur, getur fráfarandi stjórnarmaður setið fjórða kjörtímabilið.

Fundarstjóri bar upp breytingatillögu í heild sinni sem var samþykkt einróma.

3) Staðfesting á niðurstöðum stjórnarkjörs frá síðasta aðalfundi

Á síðasta aðalfundi samtakanna, í maí 2023, voru tveir kjörnir í stjórn auk þess sem þáverandi varamaður (Hildur Hörn Daðadóttir) tók sæti aðalmanns í stjórn. Þar sem tilkynning þess efnis barst Fyrirtækjaskrá Skattsins of seint var óskað eftir því að aukaaðalfundur staðfesti það kjör.

Til upprifjunar þá hlutu Ólafur Örn Ingólfsson og Þorsteinn Arnórsson flest atkvæði í kosningu til stjórnar og voru þar með kjörnir í stjórn á aðalfundi félagsins í maí 2023. Stjórn félagsins skipa því:

- Hildur Hörn Daðadóttir (til 2024)
- María F. Ríkisdóttir (til 2024)
- Ólafur Örn Ingólfsson (til 2026)
- Þorsteinn Arnórsson (til 2026)
- Kristján Þ. Davíðsson (til 2025)

Fundarstjóri óskaði eftir því að fundurinn staðfesti stjórnarkjörið og skipan stjórnar. Var það samþykkt einróma.

Þá óskaði fundarstjóri eftir því að fundurinn staðfesti í heild sinni fundargerð aðalfundar frá maí 2023 og var hún staðfest.

4) Kosning varamanns

Fundarstjóri tilkynnti að borist hafi eitt framboð til varamanns frá Valdísi Þóru Gunnarsdóttur sem er því sjálfkjörin varamaður í stjórn félagsins fram að næsta aðalfundi.

Fundarstjóri óskaði eftir því að fundurinn samþykkt kjör Vigdísar sem var gert einróma.

5) Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Fundarstjóri óskaði eftir því við fundinn að fundarstjóra og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð. Var það samþykkt einróma.

Fleira var ekki gert á fundinum og sleit fundarstjóri fundinum kl. 17:22.

Rakel Lind Haukadóttir
Þorsteinn Þorðsson

